


Alþingi  
Erindi nr. P 138/125  
komudagur 9.11.2009



# ST. JÓSEFSSPÍTALI SÓLVANGUR



*Starfsemi spítalans 2008*

Starfsemi St. Jósefsspítala – Sólvangs skiptist upp í þrjár megindeildir, sem eru lyflækningadeild, handlækningadeild og hjúkrunardeild. Auk þess eru við spítalann þrjár faglegar stoðdeildir og þær eru meltingasjúkdómadeild, röntgendeild og rannsóknarstofa. Þá eru aðrar helstu stoðdeildir spítalans, eldhús, þvottahús, göngudeild og endurhæfing.

### Lyflækningadeild

Á lyflækningadeild eru 22 sjúkrarúm. Þar eru starfandi 5 sérfræðingar. 4 þeirra eru sérfræðingar í meltingasjúkdómum og einn er sérfræðingur í innkirtlasjúkdómum og öldrun. Sjúklingar eru lagðir inn af þessum 5 sérfræðingum, en auk þess eru lagðir inn sjúklingar sem hafa verið á Landsspítala og eiga lögheimili í Hafnarfirði. Þessar innlagnir byggja á samstarfssamningi sem er í gildi á milli LSH og spítalans út árið 2008. Þá eru lagðir inn sjúklingar frá heilsugæslu eftir beiðnum heilsugæslulækna að höfðu samráði við starfandi sérfræðinga deildarinnar. Um helmingur legurýmis á deildinni er notað fyrir meltingasjúkdóma. Deildin er opin alla daga ársins en nokkur samdráttur getur orðið yfir sumarmánuðina vegna erfiðleika við mönnun í sumarafleysingar.

	2008	2007	2006
<b>Lyflækningadeild, heild</b>	<b>7528</b>	<b>6580</b>	<b>7294</b>
Inniliggjandi	6428	6330	6768
Ferliverk	300	256	296
<b>Lyflækningadeild, sérfræðingadeildir</b>	<b>1410</b>	<b>1407</b>	<b>1407</b>
Inniliggjandi	1110	1181	1162
þar af bráðatilfelli	363	372	378
Ferliverk	300	255	265

Meðallegutími er 4,77 dagar

### Fjöldi sjúklinga eftir búsetu:

	Innlögn	Ferliverk
Reykjavík	277	103
Hafnarfjörður	484	75
Kópavogur	119	48
Garðabær	63	49
Reykjanes aðrir	106	17
Vesturland	5	0
Vestfirðir	3	0
Norðurland vestra	1	0
Norðurland eystra	2	0
Austurland	11	1
Suðurland	37	7
Utan samlags	2	0

Miðað er við samkvæmt samningum við LSH að spítalinn hafi aðgang að 10 sjúkrarúmum. Legudagafjöldi vegna þess er 3.083. Ekki eru til tölur um afdrif sjúklinga en langflestir sjúklingar fara aftir heim. Vel yfir 90%. Með tilliti til þess að 22 sjúkrarúm eru á deildinni og 10 af þeim að mestu notuð vegna samninga við LSH eru þau 12 sjúkrarúm sem eftir eru aðfullu nýtt og því engin umframgeta. Það hefur dregið úr svigrúmi meltingasérfræðinga eftir að samningar við LSH tóku gildi.

### Handlækningadeild

Á handlækningadeild eru 21 sjúkrarúm, auk þriggja rúma fyrir uppvöknun. Á deildinni eru starfandi 25 sérfræðingar með mismikla aðstöðu. Sérfræðigreinarnar eru:

Alm. skurðlækningar	2 sérfræðingar
Kvenlækningar	4 sérfræðingar
Augnlækningar	2 sérfræðingar
Háls-, nef og eyrnalækningar	1 sérfræðingur
Bæklunarlækningar	6 sérfræðingar
Lýtalækningar	5 sérfræðingar

Auk þess eru starfandi 4 sérfræðingar í svæfingum.

Allir sérfræðingarnir hafa fyrirfram umsamda aðgerðardaga og koma sjúklingar af biðlistum þeirra. Allar aðgerðir sem framkvæmdar eru kallast valaágerðir. Þannig er ekkert um bráðainnlagnir á deildina. Aðgerðardagar eru alltaf fyrirfram skipulagðir og sjúklingar innkallaðir með viku til tveggja vikna fyrirvara. Deildin er opin aðra hverja viku í 5 daga og aðra hverja viku í 6 daga. Þannig er meira gert af stærri aðgerðum þá vikuna sem opið er í 6 daga. Deildinni er ætíð lokað í 6 til 7 vikur á sumrin og oftast í viku í kring um jól og páska. Fjöldi nýtttra daga á ári eru um 228.

	2008	2007	2006
<b>Innliggjandi</b>	1182	1274	1213
<b>Ferliverk*</b>	1007	1008	896
<b>Dagdeild</b>	0	0	0

\* Allir 2189 sjúklingar deildarinnar eru í rúmi eftir aðgerð, en um 1800 sjúklingar eru skráðir a.m.k. yfir eina nótt. Sjúklingur sem fer heim innan 24. klukkustunda er bara skráður með 1 legudag.

	2008	2007	2006
<b>Innliggjandi</b>	2053	2196	2092
<b>Ferliverk</b>	1025	1014	1063
<b>Privat aðgerðir</b>	76	95	101

Meðallegutími er 1,4 dagar

### Fjöldi sjúklinga eftir búsetu:

	Innlögn	Ferliverk
Reykjavík	444	367
Hafnarfjörður	201	198
Kópavogur	140	113
Garðabær	50	52
Reykjanes aðrir	124	118
Vesturland	22	18
Vestfirðir	17	12
Norðurland vestra	19	8
Norðurland eystra	15	11
Austurland	28	22
Suðurland	118	86
Utan samlags	4	2

Mat á umframframleiðslugetu hefur ekki verið unnin en starfsmannafjöldi hefur miðast við verkefni eins og þau hafa verið á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar er samtvinnuð skurð- og svæfingadeild Sjúklingar fara undantekningalaust heim eftir útskrift. Engin rúm eru til afnota fyrir LSH á handlækningadeild.

### Skurð og svæfingadeild

Þrjár skurðstofur eru í notkun, tvær á spítalanum (2.828 aðgerðir) og 1 minni aðgerðarstofa í göngudeildarhúsi (1.022 aðgerðir). Í töflu hér fyrir neðan er sundurliðaður aðgerðarfjöldi á milli sérgreina. Vöknunarrými eru 3 á handl.deild.

	2008	2007	2006
Almennar skurðlækningar	190	227	263
Augnlækningar	99	92	123
Bæklunarlækningar	555	539	413
Háls, nef og eyrnalækningar	427	410	386
Kvenlækningar	1298	1211	888
Lýtalækningar	259	253	276
Tannlækningar	*97	33	0
<b>Göngudeild</b>	<b>925</b>	<b>699</b>	<b>698</b>
Catarakt	877	617	643
Aðrar augnaðg.	48	82	55

Tannlæknaaðgerðir (97) eru framkvæmdar á aðgerðarstofu á göngudeild

Deildinni er ætíð lokað í 6 til 7 vikur á sumrin og oftast í viku í kring um jól og páska. Þannig má segja að deildin sé opin í 10 mánuði á ári. **Fjöldi nýttara daga á ári er um 207.**

Heildarnýting á tveimur skurðstofum spítalans eru 369 skurðdagar og 8 tímar á dag.

Skurðtími er samtals 2.952 klukkustundir.

Meðalfjöldi skurðaaðgerða er 8 pr. skurðstofa pr. skurðdag.

Meðalaðgerðartími er um 1 klukkustund og er þá inni í því undirbúningstími og frágangstími.

Heildarnýting á aðgerðarstofu á göngudeild er 142 skurðdagar og 8 tímar á dag.

Skurðtími er samtals 1136 tímar.

Meðalfjöldi skurðaaðgerða er 7,2 pr. skurðdag. (augnaðgerðir 9,2 á dag, tannlæknaaðgerðir 3 á dag)

Meðalaðgerðartími er um 1,1 klukkustund og er þá inni í því undirbúningstími og frágangstími. (augnaðgerðir 0,9 klukkustund, tannlæknaaðgerðir 2,6 klukkustundir)

### Hjúkrunardeild

Deildin skiptist niður í þrjár deildir og þar að auki er ein deildin með sérafmarkaða einingu fyrir minnisveika einstaklinga.

Á deild 2 eru 19 rúm, þar af 7 rúm fyrir minnisveika.

Á deild 3 eru 17 rúm.

Á deild 4 eru 19 rúm.

Öll rými deildarinnar eru skilgreind sem hjúkrunnarrými og innlagnir fara því eftir vistunarmati. Á deildinni er einn sérfræðingur í öldrun í 50% starfi.

	2008	2007	2006
<b>Hjúkrunnarrými</b>	<b>55</b>	<b>56</b>	<b>56</b>
2. hæð	19	19	20
3. hæð	17	17	17
4. hæð	19	19	19

	2008	2007	2006
<b>Hjúkrunnarrými</b>	<b>6700</b>	<b>6857</b>	
2. hæð	6700	6857	
3. hæð	6130	6239	
4. hæð	5854	6510	

Hjúkrunnarrýmum var fækkað á árinu 2006 úr 84 rýmum í 60 rými. Nú eru 55 rými, sem skiptast í 5 einbýli og 25 tvíbýli samtals á hjúkrunnardeild.

### Meltingasjúkdómadeild

Á deildinni er unnið að rannsóknum bæði vegna innliggjandi sjúklinga sem og göngudeildarsjúklinga. 4 sérfræðingar í meltingasjúkdómum sem starfa á lyflækningadeildinni hafa aðstöðu til speglana auk annara sérhæfðra meltingafærarannsókna svo sem lífeðlisfræðirannsókna, lífefnafræðirannsókna og rannsókna á smágirni. Sjúklingar koma eftir tilvísun frá heilsugæslulæknum, frá stofum starfandi sérfræðinga spítalans og frá öðrum sérfræðingum. Nokkuð er um að sjúklingar komi frá öðrum heilbrigðisstofnunum. Deildin er opin 5 daga vikunnar.

	2008	2007	2006
<b>Innliggjandi</b>	<b>389</b>	<b>278</b>	<b>390</b>
Magaspeglun	168	133	198
Ristilspeglun stíf	53	42	43
Ristilspeglun	168	103	149
<b>Ferliverk</b>	<b>2654</b>	<b>2493</b>	<b>2347</b>
Magaspeglun	1225	1179	1114
Ristilspeglun stíf	387	355	350
Ristilspeglun	1042	959	883
<b>Lífeðlisfræði</b>	<b>908</b>	<b>1095</b>	<b>1082</b>
Manometría	752	940	1004
Defegografía	116	125	55
GBG			
Transit	40	30	23
<b>Lífefnafræði</b>	<b>439</b>	<b>377</b>	<b>365</b>
Öndunarpróf	409	357	326
Lactósupróf ofl.	30	20	39

<b>Aðrar rannsóknir</b>	<b>27</b>	<b>16</b>	<b>13</b>
Smágirni Capsula)	27	16	13
<b>Viðtöl, sérfræðinga</b>	<b>1502</b>	<b>1551</b>	

Fjöldi sjúklinga á deildinni er um 4100 en þar af eru um 350 sem eru innliggjandi á lyflækningadeild og koma til rannsókna á meltingasjúkdómadeildina. Á deildinni eru 2 speglanaherbergi.

### Röntgendeild

Deildin er opin 5 daga vikunnar. Einn sérfræðingur í röntgenlækningum starfar við deildina að jafnaði. Sjúklingar koma frá stofum sérfræðinga og frá heilsugæslulæknum auk þess sem rannsóknum er sinnt fyrir lyflækninga- og handlækningadeild. Allar almennar röntgenrannsóknir auk ómskoðana eru framkvæmdar á deildinni auk sérhæfðra meltingafærarannsókna.

	2008	2007	2006
<b>Röntgenmyndir</b>	<b>3027</b>	<b>3104</b>	<b>2012</b>
Innliggjandi	540	539	454
Ambulantar	2487	2565	1558
<b>Ómskoðanir</b>	<b>1471</b>	<b>1359</b>	<b>1585</b>
Innliggjandi	370	336	398
Ambulantar	1101	1023	1187

Ekki er hægt að greina búsetu sjúklinga en ambulantar eru 99% frá Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi. Innliggjandi sjúklingar eru yfir 90% af lyflækningadeild

### Rannsóknarstofa

Deildin er opin 5 daga vikunnar. Lífeindafræðingar eru jafnframt á bakvöktum fyrir spítalann utan hefðbundins vinnutíma. Sjúklingar koma frá stofum sérfræðinga og frá heilsugæslustöðvum á svæðinu. Einnig er mikil starfsemi á rannsóknarstofu vegna sjúklinga á þremur aðaldeildum spítalans.

	2008	2007	2006
<b>Rannsóknir Innliggjandi</b>	<b>15562</b>	<b>15662</b>	<b>17593</b>
<b>Rannsóknir Ambulantar</b>	<b>31703</b>	<b>38153</b>	<b>34913</b>
<b>Sjúklingar Innliggjandi</b>	<b>2385</b>	<b>2276</b>	<b>2492</b>
<b>Sjúklingar Ambulantar</b>	<b>4816</b>	<b>7532</b>	<b>6736</b>

Ekki er hægt að greina búsetu sjúklinga en ambulantar eru 95% frá Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi. Innliggjandi sjúklingar eru 92% af lyflækningadeild og 8% af haldlækningadeild.

		2008	2007	2006
<b>Spítalinn Innliggjandi</b>	<b>28,9%</b>	<b>65619</b>	<b>65362</b>	<b>71164</b>
<b>Spítalinn Ambulantar</b>	<b>42,3%</b>	<b>96078</b>	<b>93650</b>	<b>95496</b>
<b>Sólvangur Hjúkrunard.</b>	<b>2,0%</b>	<b>4417</b>	<b>4520</b>	<b>4863</b>
<b>Heilsugæslan</b>	<b>23,1%</b>	<b>52398</b>	<b>111540</b>	<b>90465</b>
<b>Aðrar stofnanir</b>	<b>3,4%</b>	<b>7811</b>	<b>5948</b>	<b>4725</b>
<b>Ýmsir aðrir</b>	<b>0,3%</b>	<b>811</b>	<b>433</b>	<b>31</b>

**Göngudeild**

Nokkrir sérfræðingar spítalans eru með stofumóttöku í húsnæði göngudeildar. Það er sjálfstæður rekstur þeirra og greiða þeir til spítalans húsaleigu fyrir afnotin. Þannig séð kemur sjúklingaflæðið í gegn um þennan stofurekstur ekki inn í starfsemistölur spítalans. Göngudeildin hýsir einnig meltingasjúkdómadeild sem þegar hefur verið gerð grein fyrir og skurðstofu þar sem eru framkvæmdar augnaðgerðir og tannlæknaaðgerðir. Starfsemistölur vegna þessara verkefna koma fram í töflu um starfsemi handlækningadeildar.

**Endurhæfing**

Starfsemi endurhæfingar er einungis helguð inniliggjandi sjúklingum og eru tvær starfsstöðvar í húsnæði spítalans. Önnur stöðin sinnir sjúklingum á lyflækninga- og handlækningadeildum en hin stöðin sinnir hjúkrunardeildum.